

Miðvikudaginn 18. september 1991.

Nr. 353/1991. **Steingrímur Elíasson**

gegn

**Sigurbirni Eiríkssyni.**

Kærumál. Uppboð.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili kærði 25. júní sl. til Hæstaréttar úrskurð, sem kveðinn var upp í uppboðsrétti Rangárvallasýslu 11. s.m. Kæruheimild er 4. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Sóknaraðili krefst þess, að þriðja og síðasta uppboð á jörðinni Stóra-Hofi fari fram svo fljótt sem verða má. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu varnaraðila er ekki tekin afstaða til þessara krafna sóknaraðila, og ekki er gerð krafa til kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili gerði kröfu um það, að uppboð færi fram 15. maí sl. Fór gerðin fram, og var það annað uppboð. Krafist var þriðja uppboðs og ákveðið, að það yrði 11. júní. Áður en til þess kæmi, var bæði fjárnámi því, sem er uppboðsheimild sóknaraðila, og dómnum, sem það byggðist á, svo og uppboðinu 15. maí skotið til Hæstaréttar. Ber því samkvæmt 7. gr. laga um nauðungaruppboð nr. 57/1949 að staðfesta hinn kærða úrskurð. Þar sem málskotið varðar uppboðsheimild sóknaraðila sjálfs, skiptir ekki máli, hvort sóknaraðili telst nú uppboðsbeiðandi í skilningi 14. gr. laganna. Um það atriði er þess að geta, að uppboðsmálið er talið nr. 5/1985 í Rangárvallasýslu, en uppboðsheimild sóknaraðila er fjárnám, gert 9. nóvember 1990. Aðrir, sem kunna að eiga hagsmuna að gæta, hafa ekki haft afskipti af ágreiningi málsaðilanna, sem nú deila hér fyrir dómi, og hagsmunir þeirra eru ekki skertir, þó að sá ágreiningur sé til lykta leiddur nú.

Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

### Úrskurður uppboðsréttar Rangárvallasýslu 11. júní 1991.

Í máli þessu, sem hér er til umfjöllunar, stendur deilan um það, hvort áfrýjun uppboðsheimildar Steingríms Eliassonar, dags. 16.11.1990 og byggð er á fjárnámi, dags. 9.11.1990, fresti uppboðsmeðferð á eigninni Stóra-Hofi, Rangárvallahreppi.

Í 7. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð er skýlaust tekið fram, að málskot á uppboðsheimild til æðra dóms fresti uppboði, nema það, er selja á, liggi undir skemmdum eða hætta sé á verðrýrnun o.s.frv.

Í máli þessu liggur ekki fyrir, að neitt þeirra atvika, er greinir í niðurlagi 7. gr. áðurnefndra laga, eigi við, og eigi heldur verður séð, að 2. mgr. 27. gr. margnefndra laga eigi við, og úrskurðast því, að uppboð á Stóra-Hofi, Rangárvallahreppi, frestast, uns áðurgreint málskot til Hæstaréttar hefur verið til lykta leitt.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Þriðja og síðasta nauðungaruppboði á Stóra-Hofi, Rangárvallahreppi, er frestað, uns lyktir málskots til Hæstaréttar liggja fyrir.